



Raunsæi og kímni

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Á sýningunni UM á Kjarvalsstöðum árið 1983 sýndi óþekktur Akureyringur nokkrar myndir sem athygli vöktu og þóttu minna sterklega á myndstíl Errós.

Nú hefur þessi ungi maður, **Lýður Björnsson** að nafni, komið upp sýningu í vestri gangi Kjarvalsstaða og sýnir þar 19 málverk. Það hafa orðið allnokkrar breytingar á myndum hans frá fyrrnefndri sýningu og þannig rétt glittir í áhrif frá Erró á stöku stað. En í stað þess eru komin önnur áhrif frá ýmsum ofurraunsæismálurum eins og t.d. Austurríkismanninum Hellnwein. Þegar þess er gætt að Lýður er einungis kvöldskólalærður í myndlistinni verður tæknilegur árangur hans að teljast verður allrar athygli. En stefni menn á ofurraunsæi eins og það gerist sannast í heiminum í dag kostar það eðlilega margfalt meiri þjálfun en hægt er að fá í kvöldskóla.

Það kemur greinilega fram í vinnubrögðum Lýðs, að hann á ýmslegt eftir ólært tæknilega séð þrátt fyrir að margt sé vel gert. Hugmyndaheimur Lýðs er um margt óþroskaður og barnalegur þótt smellinn geti virst í fyrstu —

ekki nægilegur broddur í kímnni.

Lýður virðist einna helst vera að segja launkímna smásögu í hverri einustu mynd sem hann malar og á þann hátt að frásagnarlegt og leikrænt innihald myndanna vekur hjá skoðandanum jafnvel meiri heilabrot en myndræn útfærsla þeirra.

Sumt í myndum Lýðs minnir á súrrealisma, svo sem málverk

„Vinnufat gömlu vændiskonunnar“, sem er í gerð sinni heillegasta verkið á sýningunni, frásögnin klár og umbúðalaus í hrjúfleika sínum.

Hvernig sem á allt er litið er Lýður Björnsson ákaflega kynlegur kvistur á vettvangi íslenzkrar málalistar, sem verður næsta fróðlegt að fylgjast með í framtíðinni.

Hremmingar á ögurstund

Myndlistarkonan **Jóhanna Kristín Ingvadóttir** er einn þeirra ungu málara sem vakið hafa athygli og umtal á síðustu árum. Jóhanna hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum og nú er hún fram til 24. nóvember með litla sýningu á nýjum málverkum í Gallerí Borg við Pósthússtræti. Það hafa ekki orðið neinar stökkbreytingar á myndstíl Jóhönnu síðan hún kom fyrst fram opinberlega en myndstíll hennar þróast þó með jöfnum og hægun stífgandi.

Í augnablikinu og eftir þessum myndum í Gallerí Borg að dæma þá er það hin svonefnda tilvistar-kreppa sem á hug hennar allan og á það ekki aðeins við um dimma og þungbúna líti, sem hún er þekkt fyrir að nota óspart heldur og einnig yfirbragð myndanna sem er í



Jóhanna Kristín Ingvadóttir

bölmóðara lagi.

Ekki þarf þetta beinlínis að bera vott um þunglyndi heldur einfaldlega mikla ást á þessu myndefni og litatónum. Svart er og mögulegt að nota án þess að það skirskoti til þunglyndis og persónulegra hremminga svo sem allir málara vita.

Þegar best lætur magnar Jóhanna fram dulúðugan ófreskan seið, sem af öðrum heimi og þó eru myndir hennar mjög svo jarðbundnar og nálægar okkur í tíma og rúmi.

Myndefni sitt sækir Jóhanna í nánasta umhverfi sitt hverju sinni og stílfærir það á sinn sérstaka hátt og þannig má segja að þær séu að meira og minna leyti sjálfhverfar. Þetta kemur vel fram í myndunum „Afturhvarf“ (1) og „Á báðum áttum“ (7), sem er úti í glugga. Ein myndanna „Setið á stólnum“ (2) minnir merkilega mikið á Ernst Ludvig Kirchner, hinn ágæta málara „Die Brücke“-hópsins en litirnir eru fullkomlega listakonunnar enda virðist mér þetta framar öðru ósjálfráð tilviljun.

Myndin „Stúlka með ávexti“ er mjög vel máluð og sýnir ýmsar af bestu hliðum Jóhönnu og það gerir einnig stærsta myndin á sýningunni „Á ögurstundu“ (10) sem komin í rétt umhverfi myndi trúlega eflast að áhrifum.

Þótt ekki séu nema ellefu myndir á þessari sýningu þá býr hún yfir krafti, sem verður meiri við nánari skoðun og magnast við endurteknar heimsóknir í sýningarsalinn...

Undir regnboganum

Í Hafnargalleríi, Hafnarstræti 4, stendur nú yfir sýning á klippi-myndum úr heimi sagna og ævintýra sem ómaksins vert er að sjá og skoða.

Er hér um að ræða 30 klippi-myndir eftir **Ragnheiði Gestsdóttur**, sem löngu hefur getið sér gott orð fyrir lýsingar bóka. Ragnheiður hefur tekið einfaldleikann og skýra framsetningu myndrænna atriða í þágu sína við myndlýsingar, hafnar fullkomlega allri tilgerð, flóknum tæknibrellum og grófum ýkjum. Aðallega fæst hún við myndskreytingar barnabóka enda er sýningin tileinkuð börnum, sem þó æskilegast er að séu í fylgd með fullorðnum svo sem það heitir!

Ög í raun er þetta sýning fyrir börn á öllum aldri, opin og fólksvalaus og þannig frá henni gengið að hún hlýtur að koma við hjartað á margri hrifnæmri sálinni.

Myndir Ragnheiðar eru í óvenju listrænum búningi og má nefna



Ragnheiður Gestsdóttir

hér myndaraðir eins og t.d. „Sköpunin“, „Pumalína“ og „Næturgalinn“ en tvær síðastnefndu myndaraðirnar eru gerðar við ævintýri H.C. Andersen.

Hvort sem Ragnheiður notar einfalda og hófsama líti eða spennir þá upp, samræmir hún þá með miklum ágætum — hefur hér litrófið fullkomlega á valdi sínu. Það er eiginlega alveg sláandi hve rök-rétt Ragnheiður er í vinnubrögðum sínum og víst er að hér getur margur lært af, — gengið í smíðju hennar með drjúgum árangri því að myndirnar eru svo blessunarlega lausar við alla sýndarmennsku og tilbúin ofnotuð formmynstur.

Ög þó er naumast hægt að kalla myndir hennar frumlegar í sjálfu sér en þær eru svo barnlega ferskar og vel útfærðar að myndmálið hrifur í hæsta máta...

Leður LÚX

Þýsku hornsófamir og sófasettin í leður-lúx efnunum eru komin aftur á hreint ótrúlega lágu verði.

Sjáið til dæmis sófasettið hér á myndinni tegund: Padúa 3+2+1. Það kostar kr. 69.860.-



Ja
69.860.-

Fæst einnig 3+1+1 á kr. 64.180.- í 7 fallegum litum.

Það borgar sig að líta til okkar strax í dag.

Útborgun með Visa og Euro í 12 mánuði.

húsgagna-höllin



REYKJAVÍK